

Sp.

72. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um hámarkslaun o. fl.

Flm.: Stefán Jónsson, Helgi F. Seljan, Jónas Árnason, Kjartan Ólafsson,
Ólafur Ragnar Grímsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um hámarkslaun, þar sem kveðið verði á um að ekki megi greiða hærra laun hér á landi en sem svarar

tvöföldum vinnulaunum verkamanns miðað við 40 stunda vinnuviku. Jafnframt verði loku fyrir það skotið að einstaklingar gegni nema einu fastlaunuðu starfi, og eins fyrir hitt að átt geti sér stað duldar launagreiðslur í formi neins konar fríðinda, umfram hámarkslaun. Með breytingu á skattalögum skal að því stefnt að einkafyrirtæki hagnist ekki á lögbundinni lækkun hæstu launa, og skal því fé, sem rennur til ríkissjóðs af þessum sökum eða sparast með niðurskurði á launum embættismanna í efstu launabrepum, varið til almennrar kjarajöfnunar og annarra félagslegra umbóta.

Greinargerð.

Tillaga þessi hefur áður verið flutt á þremur þingum og varð aldrei útrædd.

Fram er komin önnur tillaga til þingsályktunar, þar sem kveðið er á um hámarks- og lágmarkslaun, sem raunar gerir endurflutning meðfylgjandi tillögu í fjórða sinn óhjákvæmilegan, þar sem ljóst er af greinargerð þeirri sem fylgir hinni tillögunni, að flm. hefur talið sig grípa hér til útfærslu þingmál er hlotið hafi almannavinsældir, þótt hann skilji ekki hvers vegna.

Með ráðstöfun þeirri, sem reifuð er í tillögu okkar, hyggjast flutningsmenn koma því til leiðar að kjarabætur handa þeim, sem lægst eru launaðir, verði algjör og ófrávikjanleg forsenda hverrar launahækkunar til þeirra sem betur eru settir í þjóðfélaginu. Að hyggju flutningsmanna er unnt, með því að lögbinda ákveðið hlutfall milli almennra launa verkamanns og hæstu launa, að búa svo um hnútana að kjarabætur til handa verkamönnum verði sá bita í aski hinna hálaunuðu sem þeir fái alls ekki ýtt til hliðar ef þeir hyggjast bæta mötu sína. Svo dæmi sé tekið þá yrði það óframkvæmanlegt, eftir setningu slíkra laga sem hér eru ráðgerð, fyrir bankastjóra eða aðra forsjónarmenn íslenskra efnahagsmála, sem nú hafa margföld verkamannslaun, að veita sjálfum sér kjarabót, svo sem við hefur borið, samtímis því sem þeir úrskurða að ekki séu efnahagslegar forsendur fyrir almennri kauphækkun, sem verkafólk hefur náð fram með harðri og kostnaðarsamni baráttu til að vega upp á móti kjararýrnun, sem runnin var undan rifjum hinna fyrrnefndu.

Því kveðum við á um tvöföld verkamannslaun sem hámark, að við tökum mið af fornri hefð hérlendri um hlutaskipti á sjó, þar sem þeim skipverjum, er mesta bera ábyrgðina á úthaldinu öllu og lífi og limunum áhafnar að auki, voru ætluð tvöföld laun hásetans, hins almenna verkamanns á skipinu. Að okkar áliti yrði torfundið það starf hér á landi sem hefði í för með sér meiri ábyrgð og vert væri því meiri umbunar en starf skipstjóra á fiskiskipi. Mun það einnig mála sannast að þá fyrst hafi slíkur forsjónarmaður unnið til verðlauna þegar hlutur háseta hans er orðinn svo góður að hans hlutskipti er orðið ágætt.

Að dómi flutningsmanna er óþarft að kveða sérstaklega á í tillögunni um sérstöðu hlutasjómannanna í launakerfinu, enda má til sanns vegar færa að kauptrygging fiskimanna sé óhæfilega lág þegar miðað er við vinnutíma og ævitekjur fiskimanna við verkalok yfirleitt í rýrasta lagi. Einnig þeirra kjör má efalaust bæta verulega ef siðgóðar reglur yrðu teknar upp við launagreiðslur í landi og felldar að þeirri grundvallarhugsun hinnar ævafornu skiptareglu sem réttlætiskennd kynslóðanna hefur talið viðunandi.

Þá er kveðið á um það í tillögunni, að nú verði svo um hnútana búið, að menn geti ekki gegnt nema einu fastlaunuðu starfi og að aukagreiðslur í öllum myndum verði afnumdar. Fyrir liggja upplýsingar um að ýmsir þeirra embættismanna ríkisins, sem hæst taka nú launin, fái auk þess ýmsar duldar greiðslur, sem teljast mega langt umfram nokkra sanngirni, og eru þá gjarnan tilgreindar hinar undarlegustu ástæður til réttlætningar. Það er álit flutningsmanna, að nauðsynlegt sé að þannig verði staðið að kjarasamningum yfirleitt að þeir verði ekki til þess fallnir að kynda undir tortryggni milli þegnanna, heldur skuli búa svo um hnútana að þar geti undirmál engin orðið.